



# Lægri tekjur og minna atvinnuöryggi hjá hinsegin fólki

Atvinnutekjur hinsegin karla eru 30% lægri en gagnkynhneigðra karla á ársgrundvelli en hverfandi munur mælist hjá hinsegin konum í samanburði við gagnkynhneigðar konur. Aðeins um helmingur aðspurðra er að fullu opin með hinseginleika sinn á vinnustöðum og tæplega 60% segir að almennt halli á kjör þeirra og réttindi á vinnumarkaði. Sterkt ákall er um aukna umfjöllun um málefni hinsegin fólks á vinnumarkaði. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar um stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði sem unnin var fyrir ASÍ, BHM og BSRB og könnun BHM um hinsegin vinnumarkað.



Heimild: Skýrsla Hagfræðistofnunar.



Til að greina stöðu með tilliti til atvinnutekna er notast við skattframtalsgögn. Annars vegar er horft til samskattaðra samkynja og gagnkynja einstaklinga og hins vegar til þátttakenda úr rannsókn sem gefur færi á að draga upp mynd af stöðu þeirra sem ekki eru samskattaðir og skilgreina kynhneigð sína eða kynvitund innan hinsegin regnhlífarinnar. Rannsóknin tekur einungis til atvinnutekna á ársgrundvelli óháð vinnumagni því liggja ekki fyrir gögn um fjölda vinnustunda.

## Atvinnutekjur hinsegin fólks 18% lægri

Í rannsókninni voru atvinnutekjur um 1.100 hinsegin einstaklinga samkvæmt skattframtölum bornar saman við atvinnutekjur gagnkynhneigðra. Almennt eru atvinnutekjur hinsegin fólks 18% lægri en gagnkynhneigða samanburðarhópsins. Munurinn nemur 30% hjá hinsegin körlum í samanburði við gagnkynhneigða karla en gagnkynhneigðir karlar eru langtekjuhæsti hópurinn á vinnumarkaði. Karlar og konur eru aðgreind til þess að kynbundinn launamunur hafi ekki áhrif á niðurstöður, en þó er mikilvægt að hafa launamuninn í huga. Munurinn er hverfandi hjá hinsegin konum í samanburði við gagnkynhneigðar konur. En vert er að hafa í huga að gagnkynhneigðar konur eru lægst launaðar á íslenskum vinnumarkaði og atvinnutekjur kvenna eru um 21% lægri en karla samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands. Alþjóðlegur samanburður leiðir í ljós að niðurstöðurnar eru sambærilegar á við niðurstöður breskrar rannsóknar, þar sem munur í atvinnutekjum hinsegin fólks á við gagnkynhneigða var metinn 16%.


## Hallar á samkynhneigða karlmenn á Íslandi og í Danmörku

Í samanburði við nýlega danska rannsókn, þar sem tekjur samkynhneigðra voru skoðaðar og samkynhneigðir skilgreindir sem einstaklingar sem eru í sambúð með einstaklingi af sama kyni, sést að samkynhneigðir karlar hér á landi voru með nær þriðjung lægri atvinnutekjur en karlar í gagnkynja sambúð árið 2019. Í Danmörku var munurinn 10%. Samkynhneigðar konur hér á landi voru með 13% hærra atvinnutekjur en konur í gagnkynja sambúð. Samanburður leiðir í ljós að tekjumunurinn hér er metinn töluvert meiri en í Danmörku. Ef leiðrétt er fyrir aldri, menntun og öðrum þáttum þá breytist myndin lítið hjá samkynhneigðum körlum.



Heimild: Skýrsla Hagfræðistofnunar.


Athygli vekur að menntunarstig samkynhneigðra karlanna á Íslandi er í við hærra en hjá gagnkynhneigðum körlum en þrátt fyrir það ríkir töluverður tekjumunur milli hópanna.



Heimild: Skýrsla Hagfræðistofnunar.

## Atvinnuöryggi samkynhneigða karlmenn minna


Athygli vekur að nokkuð virðist halla á samkynhneigða karlmenn í atvinnuöryggi. Um 38% samkynhneigðra karla þáðu atvinnuleysisbætur einhvern tímann á árinu 2020 samanborið við 28% karla, óháð kynhneigð. Hluta ástæðunnar má rekja til hás hlutfalls samkynhneigðra karlmanna í þjónustugreinum sem fóru út illa út úr heimsfaraldri.




Heimild: Skýrsla Hagfræðistofnunar.

## Minnihluti að fullu opin með hinseginleika á vinnustöðum

Til að varpa frekari ljósi á upplifun hinsegin fólks á vinnumarkaði var framkvæmd könnun meðal hinsegin fólks á vinnumarkaði. 860 einstaklingar svöruðu könnuninni en um 2/3 hópsins gáfu upp kynhneigð, kyn og kynvitund. Niðurstöður könnunarinnar benda til að aðspurðir skynji ekki sterka mismunun á grundvelli hinseginleika á íslenskum vinnumarkaði en að kynvitund einstaklingsins eða kynhneigð sé áberandi og/eða áhugaverður þáttur í fari í huga samstarfsfólks eða yfirmanna. Aðeins 36-47%, eftir hópum, aðspurðra er að fullu opið með hinseginleika sinn á vinnustöðum og þar hallar á transfólk. 38%-67% segist lenda í því að óeðlileg áhersla sé lögð á það að þau séu hinsegin á vinnustöðum og meirihluti segist lenda í ýmis konar öræiti m.a. að þeim sé ætlað að vera sérfræðingar í málefnum hinsegin fólks. Athygli vekur þá að 42-70%, eftir hópum, hafa upplifað atvinnuleysi á sínum starfsferli og afar fá eru í æðstu stjórnunarstöðum.





## Flókið orsakasamhengi en vísbendingar sem taka ber alvarlega

Orsakasamhengið milli tekjuöflunar og mismununar á vinnumarkaði er afar flókið og utan umfangs rannsóknarinnar að skýra. Ómögulegt er að útiloka að fordómar og mismunun skýri muninn í atvinnutekjum en aðrar skýringar geta einnig legið að baki, t.d. val á starfsvettvangi eða mismunandi hvatar til tekjuöflunar en athuga ber að ekki liggja fyrir gögn um vinnuáhrif. Vísbendingar eru þó til staðar um mismunun gagnvart hinsegin fólki á vinnumarkaði, og þeim ber að taka alvarlega. 55% sískynna og 77% transfólks finnst halla á hinsegin fólk þegar kemur að kjörum og réttindum á vinnumarkaði og 83-96% telja mikilvægt að bæta vinnumarkaðsrannsóknir og gagnaöflun um hagi hinsegin fólks á Íslandi. Rannsókn ASÍ, BHM og BSRB er lóð á vogarskálarnar.

